

1992 nr. 98 9. desember**Lög um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana**

Tóku gildi 11. desember 1992. *Breytt með:* L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).
Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra** eða **utanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

Alþjóðastofnanir skulu njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar.

Eftirtaldir skulu einnig njóta friðhelgi og forréttinda samkvæmt samningum þessum hér á landi:

1. starfslið alþjóðastofnana,
2. þeir sem koma fram eða starfa á vegum alþjóðastofnana,
3. fulltrúar, sendimenn og erindrekar aðila að alþjóðastofnunum,
4. þeir sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðastofnunum og
5. fjölskyldur þeirra sem getið er í 1.–4. tölul.

■ 2. gr.

[Ráðherra]¹⁾ setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 171. gr.

■ 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.